

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## Fjarfundur

172. fundur haldinn fimmtudaginn 21. janúar 2021

### Pátttakendur voru:

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjubings, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins var: Jóhannes Finnur Halldórsson hagfræðingur undir lið 2.

### 1. Fundur settur.

Fundur var settur kl. 13:00

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

### 2. Staðan á útreikningum á nýju umhirðu- og grafargjaldi.

Jóhannes Finnur Halldórsson kynnti. Þórsteinn Ragnarsson óskaði eftir að taka til máls í upphafi þessa liðs. Hann nefndi að stjórn KGSÍ hefði fengið Harald Líndal Haraldsson hagfræðing til að skoða óbeinan fastan kostnað vegna grafartöku hjá stærstu kirkjugörðum. Stjórn KGSÍ fer því fram á að Kirkjugarðaráð ræði einungis umhirðugjald á þessum fundi og að umræðu um grafargjald og bálstofu verði frestað til marsfundar. Þá verði vinnu Haraldar lokið og ljóst hver óbeini kostnaðurinn er. Nefndarmenn samþykktu þessa beiðni. Að því loknu fór Jóhannes Finnur yfir umhirðugjaldið. Kirkjugarðaráð samþykkti tillögu um eftirfarandi umhirðugjald í samræmi við útreikninga Jóhannesar Finns.

UMHIRÐUGJALD ÁRIÐ 2021			
Umhirðuflokkur	Heildar fermetrar	Umhirðuframlag	Einingarverð á hvern fm.
1.	86.034,50 m <sup>2</sup> .	14.886.550 kr.	171.00 kr.
2.	104.980,50 m <sup>2</sup> .	18.164.776 kr.	171.00 kr.
3.	90.725,00 m <sup>2</sup> .	23.408.865 kr.	255.00 kr.
4.	85.363,50 m <sup>2</sup> .	36.104.492 kr.	418.00 kr.
5.	73.654,50 m <sup>2</sup> .	44.269.301 kr.	594.00 kr.
6.	58.905,50 m <sup>2</sup> .	42.258.806 kr.	709.00 kr.
7.	115.536,00 m <sup>2</sup> .	82.885.526 kr.	709.00 kr.
8.	53.928,00 m <sup>2</sup> .	48.073.576 kr.	881.00 kr.
9.	168.169,00 m <sup>2</sup> .	149.912.573 kr.	881.00 kr.
10.	553.871,50 m <sup>2</sup> .	493.743.210 kr.	881.00 kr.
<b>SAMTALS:</b>	<b>1.391.168,00 m<sup>2</sup>.</b>	<b>953.707.675 kr.</b>	

**3. Endurnýjun á áreiðanleikakönnun fyrir Kirkjugarðasjóð.**

Arionbanki óskaði eftir staðfestingu á nefndarmönnum. Voru fundarmenn beðnir að fara inn í tengil eftir fundinn og gera grein fyrir sér.

**4. Endurgreiðsla á vsk. vegna vinnu við kirkjugarða.**

Guðmundur Rafn Sigurðsson gerði grein fyrir átaki sem gripið hefur verið til og heitir „Allir vinna“ og felur í sér endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu sem tekur m.a. til mannvirkjagerðar. Sumir kirkjugarðar hafa átt í vandræðum með að fá vsk. endurgreiddan. Guðmundur Rafn mun leita upplýsinga hjá aðila sem vitað er að fékk endurgreiðslu. Kannað verður hvernig það gekk fyrir sig og þeim upplýsingum komið áfram til framkvæmdaaðila.

**5. Næsti fundur.**

Næsti fundur verður haldinn 11. febrúar kl. 13:00.

**6. Önnur mál.**

Ekkert undir þessum lið.

Fleira ekki gert,  
Fundu slitið kl. 14:00.

---

Ragnhildur Benediksdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari